

Árni Stefán Árnason

lögfræðingur

Austurgata 10, Hafnarfjörður, sími: 555 0764, tölvupóstur: arnistefan@talnet.is

Skipulags- byggingarnefnd Hafnarfjarðar

Ráðhúsið við Strandgötu

Hafnarfjörður

30. nóvember 2016

Efni: Andmæli vegna ákvörðunar afgreiðslufundar skipulags- og byggingafulltrúa Hafnarfjarðar 9. Nóvember sl. sbr. mál 1611009 JOG

María Albertsdóttir kt. 080334-2659, Ölduslóð 38, Hafnarfirði hefur falið mér, að andmæla niðurstöðu yðar í máli 1611009 JOG þar sem henni er synjað að fá sérmerkt bifreiðastæði fyrir utan aðalinngang heimilis hennar á fyrrnefndum stað.

María Albertsdóttir er 82 ára, hefur um árabil verið verulega hreyfihömluð og er hjartasjúklingur. Hún kys að búa á lögheimili sínu m.a. til þess, að sýna öðrum í hennar stöðu tillitsemi t.d. vegna mikillar ásóknar fólks á hennar aldri á vistheimili fyrir aldraða og sjúka.

Vísað er í stjórnarsýslulög nr. 37/1993 um réttindi og skyldur sveitarfélag og aðila til að fjalla um slík mál, einkum 1.og 13.gr.

Byggt á rökstuðningi yðar, virðist svo, sem ekki hafi næg gögn fylgt umsókn frú Maríu og/eða ekki hafi komið nægilega skýrt fram í rökstuðningi umsóknar, sem var handritaður, hverjar meginástæður umsóknar eru svo þér gætuð komist að niðurstöðu byggðri á málefnalegum sjónarmiðum sbr. meginreglu stjórnarsýslulaga um meðferð mála á stjórnarsýslustigi. Fyrir hönd umsækjanda hafna ég því að málefnaleg sjónarmið hafi verið lögð til grundvallar við niðurstöðu yðar þegar rök umsækjanda eru höfð til hliðsjónar.

Ákvörðun yðar byggir á niðurstöðu Gunnþóru Guðmundsdóttur, arkitektst og er:

„að þar sem nú þegar sé bílastæði fyrir húsið og umsækjandi er ekki sjálfur ökumaður sé ekki hægt að fallast á að sérmerkja stæði í götu“.

Þessi rökstuðningur er óskiljanlegur og ómálefnalegur, að mati undirritaðs að teknu tilliti til aðstæðna umsækjanda og röksemda hans í umsókn. Umsækjanda er fullkunnugt að bifreiðastæði er í innkeyrslu við hús hennar en það er ónothæft vegna verulega skerts aðgengis enda var ekki gert ráð fyrir hreyfihömluðum við hönnun Ölduslóðar 38. María hefur því neyðst til þessa, að nýta sér ómerkt bifreiðastæði beint fyrir framan aðal inngang Ölduslóðar 38. Það er samt tilviljunum háð hvort hægt sé að leggja bifreið hennar þar vegna annarra bifreiða, sem teppa umrætt bílastæði og tilheyra atvinnustarfsemi á Ölduslóð 40.

Í umsókn um stæði er það skýrt tekið fram að frú María styðst við hreyfigrind þegar hún þarf að nýta bifreið sína, aðgengi að bifreiðastæði í innkeyrslu sé mjög erfitt fyrir hana en mun auðveldara frá útidyrum aðalinngangs hússins. Aukinheldur er bifreiðastæðið, sem vísað er til í rökstuðningi Gunnþóru hallandi, þar frýs oft og getur verið stórhættulegt fyrir fatlaðan einstakling að fara um.

Með tilvísun í 23. gr. stjórnsýslulaga er þess því hérmeð farið á leit að ákvörðun þessi verði endurskoðuð sbr. heimild í lögum til þess og frú Maríu verði veitt tímabundið leyfi fyrir sérmerkt bifreiðastæði beint fyrir utan aðalinngang Ölduslóðar 38. Helgast sú beiðni auk þess af því að atvinnustarfsemi er rekin að Ölduslóð 40 með tilheyrandi truflunum, sem felast m.a. í því að bifreiðastæði fyrir utan Ölduslóð 36 og 38 iðulega í notkun af öðrum aðilum, sem tengjast þeirri starfsemi. Í raun er það óeðlilegt að svo mikill bifreiðafloti sé fyrir utan íbúðarhús í íbúðarhverfi og notkun langt umfram það, sem eðlilegt getur talist í íbúðarhverfi en það skýrist af fyrrnefndri atvinnustarfsemi, sem Hafnarfjarðarær hefur heimilað að því er virðist án þess að huga að því ónæði, sem ákveðnar tegundir atvinnustarfsemi geta valdið íbúum enda fór fyrrnefnd atvinnustarfsemi aldrei í grenndarkynningu að því er undirritaður beist veit.

Lokaorð

Hérmeð er óskað eftir því að umrætt niðurstaða verði tekin til endurskoðunar, að teknu tilliti til þess rökstuðnings, sem fram kemur í þessu erindi og að Maríu verði veitt tímabundið leyfi fyrir sérmerkt bifreiðastæði fyrir fatlaðan einstakling fyrir utan aðalinngang Ölduslóðar 38. Það er von Maríu að þörfum hennar verði sýndur skilningur nú þegar aðstæður hennar hafa verið útskýrðar betur.

Virðingarfyllst,

Árni Stefán Árnason

Samrit sent bæjarstjóra og bæjarstjórn